

# Hárákademían

Námskrá hársnyrtibraut.



# **Hárnyrtibraut**

námskrá janúar 2014

Hárákademían, námskrá hársnyrtibraut 1.útgáfa

# Efnisyfirlit

<b>HÁRAKADEMÍAN.....</b>	<b>7</b>
HÁRSNYRTHIÐN.....	7
MARKMIÐ OG STEFNA .....	7
STJÓRN SKÓLANS .....	7
GÆÐAMAT SKÓLANS.....	8
MENNTUN STARFSMANNA OG KJÖR.....	8
YFIRUMSJÓN SKÓLASTJÓRA OG KENNARA .....	8
AÐSTAÐA SKÓLANS.....	8
<b>NÁMSKRÁ HÁRAKADEMÍUNNAR.....</b>	<b>10</b>
SKÓLARÁÐ OG RÁÐGJÖF .....	10
AÐSTAÐA NEMENDA.....	10
MARKMIÐ NÁMSINS OG MARKHÓPUR NEMENDA .....	10
NÁMSFRAMBOÐ .....	11
MEISTARANÁM.....	11
LÝSING Á NÁMI .....	11
NÁMSMAT BYGGIST M.A. Á .....	11
INNTÓKUSKILYRÐI OG KENNSLUHÆTTIR .....	12
<b>GRUNNÞÆTTIR OG LYKILHÆFNI .....</b>	<b>14</b>
GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR .....	14
TENGL OG EÐLI GRUNNÞÁTTANNA .....	14
LÆSI .....	15
SJÁLFBÆRNI.....	15
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI.....	16
JAFNRÉTTI.....	17
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ.....	17
SKÖPUN .....	17
LYKILHÆFNI .....	18
NÁMSHÆFNI .....	18
HEILBRIGÐI.....	19
SKAPANDI HUGSUN OG HAGNÝTING ðEKKINGAR.....	19
JAFNRÉTTI.....	20
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI.....	21
MENNTUN TIL SJÁLFBÆRNI .....	21
LÆSI, TJÁNING OG SAMSKIPTI Á ÍSLENSKU .....	22
LÆSI, TJÁNING OG SAMSKIPTI Á ERLENDUM TUNGUMÁLUM .....	22
LÆSI, TJÁNING OG SAMSKIPTI UM TÖLUR OG UPPLÝSINGAR .....	23
<b>SKIPULAGNÁMS .....</b>	<b>23</b>
SKIPTING ANNA .....	24
VIKUSTUNDASKRÁ .....	24
STARFSÞJÁLFUN .....	24
KENNSLUHÆTTIR .....	25
NÁMSMAT .....	26
SJÚKRAPRÓF .....	27

NÁMSFERILL-VARÐVEISLAGANGA .....	27
SKÓLAREGLUR .....	27
REGLUR UM SKÓLASÓKN .....	28
ANDMÆLARÉTTUR NEMENDA .....	29
SKÓLAGJÓLD .....	29
AFANGALÝSINGAR Í SKÓLANÁMSKRÁ.....	30
LOKAMARKMIÐ NÁMS OG KENNSLU Á HÁRSNYRTIBRAUT .....	30
ÁFANGAR Á ÖNNUM.....	31
BRAUTARLÝSING.....	32

## Háarakademían

Háarakademían er einkaskóli sem kennir sérgreinar í hársnyrtiiðn til undirbúnings til sveinsprófs. Skólinn er stofnaður veturinn 2014 er í einkaeigu og er rekinn sem einkahlutafélag. Einkunnarorð skólans eru framúrskarandi fagfólk. Hugtak þetta mun skína í gegnum allt starf skólans um ókomna tíð.

### Hársnyrtiiðn

Hársnyrtiiðn er þjónustustarf. Starfið er mjög krefjandi og er útfært í nánnum tengslum við viðskiptavininn. Ráðgjöf um persónulegt útlit er stór hluti starfsins og krefst það listræns innsæis fagmannsins. Hársnyrtir þarf að búa yfir þekkingu á herra- og dömuförum, litun, liðun og hafa til að bera þekkingu á tísku og tíðaranda hverju sinni svo handverkið njóti sín sem best. Hársnyrtiiðn er samspil listrænnar sköpunar, faglegrar þekkingar, sem aflað er með námi í Háarakademíunni, og starfsþjálfunar á vinnustað.

### Markmið og stefna

Markmið Háarakademíunnar, er að veita 16 nemendum inngöngu til framúrskarandi menntunar sem sniðin er að þörfum þeirra ásamt því að veita gott og frjótt vinnuumhverfi fyrir nemendur og starfsmenn. Skólinn er vel tækjum búinn, mun hann leitast eftir að mæta þörfum einstaklingsins eins og best er á kosið. Áhersla er lögð á fagmennsku, metnað kennara og leiðbeinenda þeir hvattir til að veita bestu fánlegu menntun sem völ er á. Einnig að þeir leggi metnað í að beita fjölbreyttum, skapandi kennsluáðferðum og virkja nemendur í skóla og heima fyrir. Stefna skólans er að vera umhverfisvænn, mun Háarakademían þjálfa nemendur sína í umgengni við umhverfisvænt vinnuumhverfi og huga að sjálfbærni.

Markmið Háarakademíunnar er að útskrifa nemendur með þekkingu og góða verkunnáttu í hársnyrtiiðn á 12 mánuðum, og verða nemendur að þeim tíma loknum vel undirbúnir fyrir frekara nám í faginu. Stefnumarkmið Háarakademíunar er að stofur sækist í að fá nema úr Háarakademíunni, mun akademían vera í stöðugu sambandi við stofur. Háarakademían mun taka að sér að koma nemendum sínum á hársnyrtistofur á samning. Nemar Háarakademíunnar munu vera tilbúnir til sveinsprófs sem og vinnu út á gólfí að ári loknu.

### Stjórn skólans

Þriggja manna stjórn skólans ber yfirábyrgð á skólanum. Í þeirri stjórn er framkvæmdastjóri/skólastjóri, fjármálastjóri og kennslustjóri. Hlutverk stjórnarinnar er að setja skólanum markmið og móta skólann. Framkvæmdastjóri ber fjárhaglega ábyrgð á daglegum rekstri skólans auk þess að sinna markaðs- og starfsmannamálum.

Skólastjóri og kennslustjóri munu bera ábyrgð á faglegum þætti skólans, eftirfylgni námskrár, inntöku nemenda og öðru er viðkemur námskrá skólans.

### **Gæðamat skólans**

Hárákademían mun hafa virkt gæðaeftirlit. Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla er gæðaeftirlit mikilvægt tæki til að meta innra starf skólans. Reglulega verða gerðar kannanir á viðhorfum nemenda bæði vegna aðbúnaðar og kennslu. Nemendur munu leggja mat á þekkingu, leiðbeiningar, gerð á námsefni og samskipti við kennara og leiðbeinendur. Skólastjóri og kennslustjóri munu hafa starfsviðtöl við kennara og leiðbeinendur. Vandlega verður farið yfir niðurstöður úr þessum könnunum, þær notaðar til að laga og bæta úr þeim þáttum sem fá neikvæða gagnrýni. Einnig til að skerpa á hlutum sem fá góða gagnrýni.

Sjálfsmat verður í skólanum, farið verður yfir markmið reglulega og starfið metið hverju sinni. Sjálfsmatskerfi skólans hefur viðmið menntamálaráðuneytisins sér til hliðsjónar. Hárákademían mun vera umhverfisvænn skóli að þeim mörkum sem unnt er.

### **Menntun starfsmanna og kjör**

Skólinn tekur mið að gildandi kjarasamningum á hverjum tíma. Farið er að ósk starfsmanna um vinnutíma og starfshlutfall að því marki sem eðli starfsins leyfir. Kennarar skólans er faglærðir á sínu sviði, ásamt því að hafa starfsreynslu og rekstarþekkingu í faginu.

### **Yfirumsjón skólastjóra og kennara.**

Skólastjóri, kennslustjóri og kennarar bera ábyrgð á kennslu í þeim áföngum sem þeir eru ráðnir til að sinna. Kennarar meta árangur á meðan á önn stendur og í lok hverrar annar.

Kennurum ber að fylgjast með ástundun nemenda og mætingu í hverjum áfanga fyrir sig. Kennarar afhenda kennsluáætlun í fyrstu kennslustund í upphafi annar og í hverjum áfanga fyrir sig. Þar koma fram áfangalýsingar, námsmarkmið og námsmat. Skólastjóri ásamt kennslustjóra og kennurum hafa umsjón með kennsluáætlunum, kennslu, prófum og einkunum. Skólastjóri hefur einnig umsjón með samræmingu í einstökum áföngum.

### **Aðstaða skólans**

Staðsetning skólans verður í Mörkinni 1. Húsnæðið er um 300fm og hefur verið nýtt sem atvinnuhúsnæði til fjölda ára. Húsnæðið er allt nýtekið í gegn af eigendum húsin.



Starfsaðstaða skólans er til fyrirmyndar og verður búin öllum nýjustu tækjabúnaði sem völ er á, einnig verður húsnæðið vel nýtt til fagnámskeiða fyrir fagfólk. Húsnæði skólans er rúmgott, bjart og hentar vel undir skólahlald sem og annarra fagnámskeiða.

Einnig verður verklegt kennslusvæði sem líkir til hárgreiðslustofu eins og þær eru í dag, bókleg kennslustofa sem búin er flatskjá, tússtöflu og góðu vinnuborði fyrir nemendur. Kaffistofa nemenda og tvö salerni eru í húsinu. Skrifastofa kennara og skólastjóra er í sér rými. Gott aðgengi er fyrir utan t.a.m hjólastóla aðgengi og mikill fjöldi af bílastæðum.

## Almennur hluti

Námið í Háarakademíunni er styttra og hnitmiðara nám en það sem gerist í dag. Gæðin skipta miklu máli í dag þar sem kröfur viðskiptavina eru alltaf að verða meiri þar sem tískan breytist hratt. Háarakademían er eingöngu með framúrskarandi fagfólk sem leiðbeinendur og hafa mikla þekkingu frá akademíum erlendis og verið virkir þátttakendur í hábransanum hérlendis sem og ytra.

Uppfæra þarf nokkur fög í greininni og má bæta þar inn þekkingu eins og viðskiptahliðinni, vörusölu, stólaleiguformi, mikilvægi þess að eignast og halda í viðskiptavinum sína, mannleg samskipti og kynna þeim fyrir hvað það er sem stofur sækjast eftir frá fagfólki. Þar sem námið er mun styttra en eins og það er í dag og fólk komið fyrir út á vinnumarkaðinn má ætla að þjóðfélagslegur ávinningur á að verða einhver þar sem fólk kemst fyrir á vinnumarkaðinn.

Af þeim rúmlega 100 nemendum sem hefja nám við hársnyrtibrautum landsins í dag eru einungis um 25 nemendur sem klára eftir þessi 4 ár. Fagið er kennt í Iðnskólum landsins sem og nokkrum framhaldsskólum úti á landi, þar eru deildir sem kenna fyrstu og aðra önnina. Námið í dag er mjög teygt og tíminn illa nýttur þar sem einungis er kennt fyrir hádegi eða eftir hádegi, 4 tímar í senn. Fjöldi nýnemenda á fyrstu önn í þeim skólum sem iðnin er kennd á hverju hausti eru rúmlega 100 nemendur sem hefja nám. Þegar á 3.önnina er komið er reglan að nemendur eiga að vera búnir með hluta á samning.

Á þessum tímamarki hefur strax um 20% fækkun orðið. Þarna er orðin mikil spennan hjá nemendum um það hvort þeir komast á samning hjá stofum því ekki geta allir þessir nemendur haldið áfram námi í skólanum fyrir en þeir hafa klárað eitt ár á samning. Nýjustu tölur úr þeim skólum á höfuðborgarsvæðinu voru einungis 36 nemendur á þriðju önn, einungis 3 nemendur úr Tækniskólanum komnir á samning, 5 úr Iðnskólanum í Hafnarfirði. Eftir þessa önn lenti stór hópur af þessum nemendum í því að hætta þar sem þeir komust ekki á samning. Ég tel að það þurfi að hafa val á námsformi í hársnyrtiðn alveg eins og nemandi sem velur sér snyrtifræðið þar sem akademíur eru í boði.

## Námskrá Háarakademíunnar

Námskrá Háarakademíunnar inniheldur helstu þætti skólans sem nýtist jafnt nemendum og starfsfólki skólans. Skólinn styðst við aðalnámskrá framhaldsskólanna sem gefin er út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. (2011)

Í námskránni má m.a. finna lýsingu á markmiðum, skipulagi, námsmati og lokamarkmiðum náms í hársnyrtiið. Í þessari námskrá er einnig gert grein fyrir skipulagi meistaranáms í hársnyrtiið, sem kennd er í Meistaraskóla Tækniskólans. Hársnyrtiið er löggilt iðngrein skv. iðnaðarlögum nr. 42/1978 og reglugerð um löggiltar iðngreinar.

### Skólaráð og ráðgjöf

Skólaráð verður starfandi við Háarakademíuna. Í skólaráði munu sitja skólastjóri/framkvæmdarstjóri, kennari/leiðbeinandi skólans, og fulltrúar nemenda í bekknum. Skólaráðs fundir munu verða haldnir að jafnaði þrisvar á ári. Skólaráð fjallar m.a. um skólastarfið í heild sinni. Kennarafundir munu verða haldnir reglulega og mun skólastjóri vera í góðu sambandi við kennara, leiðbeinendur og nemendur. Nemendur geta leitað til skólastjóra, fagráðs og trúnaðarmanns eftir því hvert viðfangsefnið er. Kennarar veita upplýsingar um nám og kennslu í sínu fagi en einnig er hægt að leita til skólastjóra.

### Aðstaða nemenda

Nemendur fá læstan skáp til að geyma persónulegar eigur sínar. Nemendur hafa aðgang að kaffistofu, þráðlausu interneti og spjaldtölvum (umhverfisvænt námsefni).

### Markmið námsins, áherslur og markhópur nemenda

Markmið námsins er að útskrifa nemendur með þekkingu, vísu og góða verkunnáttu í hársnyrtiið, þannig verða nemendur skólans eftirsóttir á vinnumarkaði.

Tengsl námsins við atvinnulífið eru mikil þar sem hluti námsins er tekið sem starfsnám. Í starfsnámi öðlast mikilvæg reynsla inn í námið og fagþekkingu. Sú þekking og reynsla sem nemendur öðlast með náminu undirbýr þá fyrir að fara strax að starfa við hársnyrtiið á vinnumarkaðinum eftir sveinspróf.

Markhópur eru nemendur, 18 ára eða eldri, sem hafa áhuga á hársnyrtinámi. Hársnyrtning er starfsgrein sem býður uppá mikla atvinnuöguleika.

### Starfsþjálfun

Starfsþjálfun veita nemendum mikilvæg tækifæri í að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu. Stór þáttur námsins felur í sér að nemendur þjálfist í að beita mismunandi aðferðum og verklagi. Þjálfunin fer annars vegar fram í verklegu sérnámi skóla undir leiðsögn kennara/leiðbeinanda og hins vegar í vinnustaðanámi eða starfsþjálfun á vinnustað.

## Námsframboð

Háarakademían býður upp á nám í hársnyrtiiðn á framhaldsskólastigi til undirbúnings til sveinsprófs. Nemendur eiga að vera undirbúnir eftir námið til að fara beint á vinnnumarkaðinn.

## Meistaránám

Nemendur Háarakademiunnar geta í framhaldi af sveinsprófi í hársnyrtiiðn, innritast í meistaránám og/eða haldið áfram námi til stúdentsprófs í framhaldskólum. Í Meistaraskólanum fer fram öflugt nám í stjórnunar- og rekstrargreinum. Markmið meistaránáms er að veita nemendum fræðslu og þjálfun þannig að þeir geti staðið fyrir sjálfstæðum rekstri í iðngrein sinni, stjórnað verkum og kennt nýliðum vinnubrögð, öryggisreglur og iðnfræði. Meistaránám í hársnyrtiiðn er skipulagt 17 eininga nám og er kennt í Tækniskólanum.

## Lýsing á námi

Háarakademían veitir nám í hársnyrtiiðn. Námið er lotunám og er hver áfangi kenndur í 3 til 4 vikna lotu eftir fjölda eininga. Eftir lotuna fara nemendur í símat og næsta lota hefst. Námið tekur að jafnaði 12 mánuði, sem skiptist á þrjár annir og er hver önn að jafnaði 15 vikur. Við lok þriðju námsannar er gert ráð fyrir að fara með nemendur erlendis í akademíu, til að kynna fyrir þeim möguleika á endurmenntun, og er það innifalið í verði. Nemendur síðan metnir til brautskráningar frá akademíunni og starfsþjálfun á hársnyrtistofu hefst undir leiðsögn meistara. Nemendur fá burtfaraskirteini sitt úr Háarakademíunni eftir að hafa farið í gegnum sveinspróf. Starfsþjálfunartími nemenda er samtals 14 mánuðir þ.e.a.s 2 í skóla og 12 á stofu. Námi í hársnyrtiiðn frá Háarakademíunni lýkur með sveinsprófi. Háarakademían sér um að koma nemendum sínum á samning á hárgreiðslustofur í samráði við nemendur.

Í verklegum og bóklegum áföngum mun fara fram miðannarmat en einnig mun nemendum vera gefin uppbyggileg endurgjöf um frammistöðu sína eins fljótt sem auðið er og á það bæði við um bóklega og verklega áfanga. Í miðannarmati mun koma fram staða nemenda í einstökum áföngum og mæting þeirra.

Til að öðlast starfsheitið hársnyrtir/hárgreiðslumaður þarf nemandi að hafa lokið við bóklegan og verklegan hluta hársnyrtiiðnarinnar og farið í gegnum sveinspróf. Samtals F einingar í bóklegum, verklegum greinum eru 152 F einingar og nemendur útskrifast á 3. Hæfnisþrepi. Starfsnámið eru 60 vikur og eru 8 vikur teknar á “opnum dögum í Háarakademíunni og 52 vikur á hárgreiðslustofum

**Taflan hér að neðan sýnir földa F eininga á hverju hæfnisþrepi fyrir hársnyrtibraut 88 F einingar ásamt almennum undanförum 64 F einingar**

Hæfnisþrep	Fjöldi F ein.	Hlutfall af námsbraut
1	46	30%
2	70	46%
3	35	23%
4	0	0

## Námsmat byggist m.a. á

- verkefnum sem nemandi vinnur í kennslustundum og utan þeirra
- frammistöðu í kennslustundum og árangri í skyndiprófum
- skriflegu lokaprófi sem reynir á þekkingu á efnisatriðum og rök fyrir tengslum ólíkra efnisþátta
- verklegum prófum

### Inntökuskilyrði og kennsluhættir

Inntökuskilyrði í Háarakademíuna er að nemendur hafi lokið grunnskólanámi, hafa náð 18 ára aldri og klárað eftirfarandi undanfara á framhaldskólastigi. Skólastjóri veitir umsækjendum þá ráðgjöf varðandi þá undanfara sem eftir eru hvernig best sé að ljúka þeim áður en nám í hársnyrtiðn hefst eða meðfram því.

Undanfarar	Hæfnisþrep	F ein.
ÍSLENSKA	1	5
ÍSLENSKA	2	5
ENSKA	1	5
ENSKA	2	5
DANSKA	1	5
DANSKA	2	5
ENSKA	DANSKA	5
STÆRÐFRÆÐI	1	5
STÆRÐFRÆÐI	2	5
BÓKFÆRSLA	2	5
FÉLAGSFRÆÐI	2	5
LÍFSLEIKNI	2	5
ÍÞRÓTTIR	1	4
<b>Samtals</b>		<b>64</b>

Enska 2 Nemandi tekur 212 áfanga = 5 F ein

Danska 2 Nemandi tekur 212 áfanga = 5 F ein

Nemandi tekur 1 auka áfanga á hæfnisþrepi 2 í erlendu tungu máli og velur á milli áfanga hér að ofan = 5 F ein

### Námslok Hæfnisþrep 3

Nemandi getur sótt um leyfi til að nota viðkomandi starfsheiti. Nemandi með sveinspróf býr yfir þekkingu, leikni og hæfni til að skipuleggja, velja og beita viðeigandi vinnuaðferðum á sjálfstæðan og ábyrgan hátt. Hann þekkir siðferðislega stöðu sína, getur metið eigin störf. Hann getur leiðbeint neytendum, viðskiptavinum og samstarfsmönnum á vinnustað. Hann býr yfir hæfni til að geta tjáð sig um sérhæfða þekkingu sína á erlendu tungumáli sé þess krafist, getur skýrt verklag tengt starfsumhverfi á ábyrgan, gagnrýnin og skýran hátt, getur nýtt þekkingu sína leikni og hæfni til að greina ný tækifæri og verið virkur og ábyrgur í lýðræðislegu samfélagi iðngreinar sinnar.

Hársnyrtir býr yfir víðtækri sérþekkingu á efnameðferð, klippingum og útfærslu forma í daglegu starfi. Hann getur greint þarfir sínar fyrir símenntun til að geta útfært nýjustu aðferðir og tækni í hártísku hvers tíma. Hann býr yfir hæfni til að beita fræðilegum og raunhæfum lausnum á einstaklingsþörfum viðskiptavinar varðandi hár þeirra og getur leiðbeint um rétta umhirðu hárs. Hann vinnur sjálfstætt og útfærir klippiform og efnameðferðir sem hæfir viðskiptavini án eftirlits og leiðsagnar. Hársnyrtir er löggilt starfsheiti.

## **Grunnþættir og lykilhæfni**

Sex grunnþættir menntunar eiga endurspeglast í skólastarfinu og lykilhæfni er ætlað að tengja grunnþættina við markmið um hæfni nemenda að loknu námi. Hér að neðan kemur fram hverjir grunnþættirnir eru og lykilhæfnin.

### **Grunnþættir menntunar**

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.

Aðalnámskrá er reist á sex grunnþáttum menntunar.

Þessir grunnþættir eru:

- læsi,
- sjálfbærni,
- heilbrigði og velferð,
- lýðræði og mannréttindi,
- jafnrétti,
- sköpun.

### **Tengsl og eðli grunnþáttanna**

Grunnþættir menntunar eru settir fram sem sex þættir. Þeir tengjast þó innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum. Með því að hugsa út frá þeim má skapa meiri heildarsýn um skólastarfið. Þeir byggjast á þeirri hugmynd að ekki geti orðið virkt lýðræði án læsis á hvers konar táknerfi og samskiptakerfi samfélagsins. Þeir eru einnig byggðir á því að virkt lýðræði þrífist aðeins ef jafnframt er stuðlað að hvers konar jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu.

Mannréttindi allra verða ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð hvers og eins og baráttu gegn mismunun og hvers konar ofbeldi, þar með töldu einelti. Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar.

Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti, ekki bara í nútíma heldur og gagnvart komandi kynslóðum. Þannig er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa. Lýðræði og mannréttindi og heilbrigði og velferð felast þannig í sjálfbærni en eru jafnframt sjálfstæðir grunnþættir menntunar. Menntun til sjálfbærni, jafnréttis, lýðræðis- og mannréttinda miðar að því að börn og ungmenni skilji samfélagið eins og það er og hefur þróað. Jafnframt miðar þessi menntun að því að börn og ungmenni verði fær um að taka þátt í að móta samfélagið og öðlist þannig sýn til framtíðarinnar og hugsjónir til að beita sér fyrir. Með því að

nota orðin og orðasamböndin sjálfbærnimenntun, lýðræðis- og mannréttindamenntun og jafnréttismenntun er ekki endilega verið að mótað nýjar námsgreinar eða ný námssvið heldur eru orðin notuð til vísbendingar um námsefni og viðhorf sem leggja skal áherslu á.

Sköpun er nauðsynlegur þáttur í allri menntun og nær þannig til allra annarra grunnþátta. Sköpun er mikilvægur þáttur í öllu námi og starfi, ekki einungis í listmenntun. Allir grunnþættirnir eiga sér rætur í gagnrýninni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati.

### **Læsi**

Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Læsi krefst skriffæra, efnis til að skrifa á og miðils, t.d. bókar, til að koma ritsmíðinni á framfæri og snýst því að hluta til um tæknimiðla og verkunnáttu. Þrátt fyrir að læsi snúist um kerfisbundin tákni og miðlunartækni ber að undirstrika að það snýst fyrst og fremst um sköpun merkingar og sú merkingarsköpun á sér aldrei stað í tómarúmi.

Tvær manneskjur kunna til dæmis að skilja tiltekinn texta á ólíkan máta þótt lestrartækni þeirra, hljóðkerfisvitund og orðaforða svipi mjög saman. Ekki er hægt að segja í þessu tilviki að þær séu misvel læsar heldur ræðst merkingarsköpun þeirra af þeirri reynslu sem þær hafa og ótal aðstæðubundnum þáttum sem orka á túlkun þeirra og skilning. Sumt er jafnframt erfitt að skilja án þess að þekkja til umræðuhefðar og orðanotkunar sem er við lýði í ýmsum hópum samfélagsins.

Það eru ekki aðeins rannsóknir á læsi sem hafa breytt afstöðu fólks til þess heldur hefur stafræn tækni breytt því umhverfi þar sem ritun og lestur eiga sér stað. Tölvur og stafræn samskiptatæki teljast víða ómissandi þáttur í daglegu lífi fólks, heima jafnt sem á vinnustað, og þykja orðið sjálfsögð verkfæri í skólastarfi. Þar skiptir það höfuðmáli að tölvurnar eru ekki aðeins öflug ritvinnslu- eða reikningsverkfæri heldur tól sem má nota til fjölþættrar merkingarsköpunar, t.d. með notkun myndmáls.

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

### **Sjálfbærni**

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að viðskilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.

Hér er einnig stuðst við þá skilgreiningu að sjálfbærni sé jafnvægisástand og sjálfbær þróun sé breytingarferlið þegar verið er að breyta þjóðfélagi, eða minni einingu, og

færa það til sjálfbærni. Munur á hefðbundinni skilgreiningu og skilgreiningunni, sem hér er notuð, er fremur áherslumunur en merkingarmunur. Þessi áherslumunur hefur þó þá þýðingu í skólastarfi að leggja má áherslu á að margt smátt gerir eitt stórt, ekki þarf að bíða eftir stóru breytingunum til að geta fagnað þeim smærri. Umhverfið og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag.

Sjálfbær þróun getur ekki átt sér stað nema innan þeirra takmarka sem vistkerfi jarðar setja okkur. Því er skilningur á þeim takmörkum, ásamt ferlum, lögmálum og hringrásum í náttúrunni, mikilvægur grundvöllur þess að okkur takist að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Þannig þurfa nemendur að þekkja, skilja og virða náttúruna, bæði vegna sjálfgildis hennar og þeirrar þjónustu sem hún innir af hendi við mannfélagið. Umhverfisvernd, loftslagsbreytingar og lífbreytileiki eru dæmi um úrlausnarefni. Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðarsýn.

Í sjálfbærnimenntun felst einnig að ungmenni takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmennin taki þátt í samfélaginu.

### **Lýðræði og mannréttindi**

Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum.

Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismentun jafnframt því sem þau atriði fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar. Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn.

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að börnin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði. Mikilvægt er að í öllu námi, viðfangsefnum skólastarfsins og aðferðum sé tekið tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi.

Einnig þarf að efla þekkingu á grundvallarréttindum barna og fullorðinna með hliðsjón af íslenskri löggjöf og alþjóðasamningum. Samfélagsgreinar og lífsleikni eru kjölfesta þekkingar á lýðræði og mannréttindum og viðhorfa til sömu þátta.



Lýðræðislegur hugsunarháttur á þó við í öllum námsgreinum. Lýðræðislegt gildismat verður ekki mótað nema allar námsgreinar og öll námssvið séu notuð til þess.

Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum.

Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggja skóla engu síður en samstarfi í skólanum. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og ungmenna og við æskulýðs- og íþróttastarf. Gera þarf ráð fyrir virku samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af

lykilþáttum sjálfbærni. Áhersla er lögð á að lýðræðislegir skólar geti þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.

### **Jafnrétti**

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra. Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks.

### **Heilbrigði og velferð**

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsuefandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra. Markmið þess er meðal annars að styðja börn og ungmenni svo að þau geti tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið heilbrigði.

### **Sköpun**

Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra. Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert

áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það.

Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit. Glíman við viðfangsefnið og það að finna lausn getur verið umbun sköpunarinnar í sjálfu sér. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir. Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins.

Að skapa er að fara út fyrir mengi hins þekktu og þar með auka þekkingu sína og leikni. Þótt sköpun í almennum skilningi sé vissulega nátengd listum og listnámi er sköpun sem grunnþáttur ekki bundin við listgreinar fremur en aðrar námsgreinar og námssvið. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi. Sköpunarkraftur og innsæi eru lykilorð í þessu samhengi. Gagnrýnin hugsun er lykilþáttur í læsi og sköpun og fléttast saman við hlutverk gagnrýninnar hugsunar í lýðræði. Í sköpuninni felst hagnýting hugmynda og mótun viðhorfa, gildismats og hæfni. Vinnubrögð í listsköpun og vísindum einkennast oft af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika.

Þannig vinnubrögð er æskilegt að sjá í öllu námi og skólastarfi. Sköpun snýst ekki eingöngu um nýtt og frumlegt heldur og hagnýtingu þess sem fyrir er. Hún snýst þannig um lausnir viðfangsefna og leit að nýjum möguleikum. Þetta fléttast vel saman við menntun til sjálfbærni og læsi í viðum skilningi. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess.

### **Lykilhæfni**

Lykilhæfni er ætlað að tengja grunnþættina við markmið um hæfni nemenda að loknu námi. Lykilhæfnin snýr að nemandanum sjálfum og er þannig nemendamiðuð útfærsla á áherslum grunnþátta. Lykilhæfnin er nýtt við skipulagningu námsbrauta, gerð áfangalýsinga auk þess sem horft er til hennar við námsmat og umsögn um nemendur.

### **Námshæfni**

Nemendur þurfa að kunna að sækja sér nýja þekkingu og leikni, jafnframt því að geta beitt þekkingu sinni. Þeir þurfa að vera meðvitaðir um mikilvægi þess að vera ábyrgur og skapandi í þekkingarleit sinni, ígrunda og rökstyðja. Námshæfni felur einnig í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að verafær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námshæfni byggist á eðlislægri forvitni, áhugahvöt, trú á eigin getu og hæfileika til að beita hæfni sinni margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt.

Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:

- þekkir eigin styrkleika og geti sett sér raunhæf markmið,
- getur deilt þekkingu sinni með öðrum,
- getur notað fjölbreyttar námsaðferðir og gögn,
- er sjálfstæður í vinnubrögðum,
- getur lagt mat á eigið vinnuframlag,
- getur tekist á við áskoranir í námi,
- getur skipulagt vinnutíma sinn og forgangsraðað viðfangsefnum,
- getur borið ábyrgð á eigin námi,
- getur nýtt fyrri reynslu, þekkingu og skilning við úrlausn nýrra viðfangsefna.

### **Heilbrigði**

Góð heilsa er skilgreind sem líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði. Sérhver nemandi þarf að gera sér grein fyrir að hann ber ábyrgð á sjálfum sér og félagslegu umhverfi sínu. Ábyrgðin snertir líkamlegt heilbrigði en til að stuðla að góðri heilsu og almennri velferð þarf að leggja rækt við hollar lífsvenjur, hreyfingu og heilbrigða lífshætti. Ábyrgðin tengist einnig andlegu heilbrigði t.d. hvað varðar ábyrga afstöðu til eineltis og annars ofbeldis. Félagslegt heilbrigði felur í sér jákvæða og heilbrigða samskiptahætti og félagslega virkni.

Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:

- ber ábyrgð á sjálfum sér og eigin gjörðum,
- tekur ábyrga afstöðu til eigin velferðar og heilbrigðis,
- er meðvitaður um sjálfan sig sem kynveru, • er meðvitaður um gildi reglulegrar hreyfingar,
- er meðvitaður um mikilvægi fjölbreyttrar og næringarríkrar fæðu,
- tekur ábyrga afstöðu gagnvart mismunun, einelti og öðru ofbeldi,
- er meðvitaður um skaðsemi reykinga og annarrar tóbaksnotkunar, áfengisneyslu og notkunar annarra vímuefna.

### **Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar**

Sköpun felst í að móta viðfangsefni og miðla þeim, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en

viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpunarferlið stuðlar að frumkvæði, ígrundun og gagnrýninni hugsun og er því ekki síður mikilvægt en afrakstur verksins. Forsenda þess að virkja og viðhalda sköpunarkrafti nemenda er að skólinn skapi skilyrði þar sem hvatt er til frumkvæðis, sjálfstæðis og skapandi hugsunar á sem flestum sviðum. Nýsköpun og hagnýting þekkingar felur í sér áherslu á að skapa eða búa til eitthvað nýtt sem og endurbæta það sem þegar er til staðar.

Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:

- sýnir frumkvæði og skapandi hugsun,
- ber siðferðilega ábyrgð á sköpun og hagnýtingu þekkingar sinnar,
- getur miðlað hæfni sinni á skapandi hátt,
- getur nýtt sér sköpunarkraft sinn á margvíslegan hátt í lífi og starfi,
- getur notið lista, menningar og skapandi starfs á margvíslegu formi,
- skilur hvernig menning og listir tengjast atvinnusköpun og samfélagsþróun.

### **Jafnrétti**

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi, jafnframt því að allir séu virkir þátttakendur í að skapa samfélag jafnræðis, jafnréttis og réttlætis. Menntun til jafnréttis fjallar um hvernig aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Við undirbúning framtíðarstarfsvettvangs er mikilvægt að opna augun fyrir kynskiptum vinnumarkaði og stuðla að því að námsval kynjanna verði minna kynbundið en hingað til. Það varðar miklu að ekki halli á kynin í þeim viðfangsefnum sem nemendur fást við heldur grundvallist þau á jafnræði og jafnrétti.

Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:

- virðir jafnrétti í samskiptum,
- er meðvitaður um eigin kynhneigð og kynheilbrigði,
- skilur hvernig t.d. aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni getur skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks,
- er meðvitaður og gagnrýninn á áhrif fyrirmynda og staðalmynda á eigin ímyndog lífsstíl,
- skilur hlutverk kyns og kyngærfis í samfélaginu.

### **Lýðræði og mannréttindi**

Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismentun. Virkur borgari býr yfir vitund um eigin ábyrgð, lýðræði, gagnrýna hugsun, umburðarlyndi, jafnrétti, mannréttindi og ber virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra.

Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:

- ber virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra,
- virðir mannréttindi og manngildi,
- getur sett fram eigin skoðun og tekið þátt í rökraðum,
- tekur gagnrýna afstöðu til siðferðilegra álitamála,
- virðir grundvallarreglur samfélagsins,
- er virkur og ábyrgur þátttakandi í lýðræðissamfélagi,
- er meðvitaður um gildi góðrar hegðunar og breytni í samskiptum við annað fólk, dýr og umhverfi,
- býr yfir jákvæðri og uppbyggilegri félags- og samskiptahæfni.

### **Menntun til sjálfbærni**

Sjálfbærni snýst um umhverfi, ábyrgð, virðingu og lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti í nútíð og framtíð. Sjálfbærnimenntun miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í sjálfbærnimenntun er lögð áhersla á skilning á þeim takmörkunum sem vistkerfi jarðar setur mannum, jöfnuð innan og milli kynslóða, skynsamlega nýtingu auðlinda og sanngjarnri skiptingu þeirra. Forsenda fyrir sjálfbæru samfélagi eru virkir borgarar sem eru meðvitaðir um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart þessum þáttum.

Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:

- er meðvitaður um margvíslegar auðlindir náttúrunnar og getur tekið afstöðu til skynsamlegrar nýtingar þeirra,
- þekkir, skilur og virðir umhverfi sitt og náttúru,
- skilur hvernig vistkerfi jarðar setur mannum takmarkanir,

- skilur hvernig eigið vistspor og vistspor samfélaga og þjóða getur stuðlað að sjálfbærri þróun,
- getur á gagnrýninn hátt metið gildi upplýsinga um umhverfi og náttúru,
- er virkur og ábyrgur borgari í umhverfi sínu og náttúru,
- er fær um að taka gagnrýna afstöðu gagnvart umhverfi, samfélagi, menningu og efnahagskerfi,
- hefur skilning á sameiginlegri ábyrgð jarðarbúa á jörðinni og íbúum hennar.

### **Læsi, tjáning og samskipti á íslensku**

Læsi höfðar til þess að hver einstaklingur hafi hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt og samfélag á gagnrýninn hátt og taka þátt í að móta það. Læsi, tjáning og samskipti á íslensku auðveldar virk samskipti í félagslegu, menningarlegu og tæknilegu samhengi á Íslandi. Lestur er öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er forsenda þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Íslensk tunga og menning tengir saman fortíð þjóðarinnar og nútíð.

Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:

- getur tjáð hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir bæði munnlega og skriflega,
- tekur þátt í samræðum,
- notar blæbrigðaríkt mál og fjölbreyttan orðaforða í tali og ritun,
- flytur mál sitt skýrt og áheyrilega,
- les fjölbreytta texta sér til fróðleiks og ánægju,
- útskýrir og rökstyður á skýran hátt í ræðu og riti.

### **Læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum**

Læsi á menningu annarra þjóða, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum leggur grunn að skilningi, vísýni og virðingu. Tungumálakunnátta er lykillinn að upplýsingum og gefur aðgengi að faglegu efni á erlendum tungumálum. Hún er ein af forsendum þess að geta átt farsæl samskipti og samvinnu við einstaklinga af öðru þjóðerni.

Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:

- getur tjáð sig á skiljanlegan hátt,

- hlustar og skilur talað mál,
- tekur þátt í samræðum,
- notar fjölbreyttan orðaforða,
- les sér til fróðleiks og ánægju,
- er meðvitaður um menningu og siði sem einkennir þau landsvæði þar sem tungumálið er talað,
- getur tengt ólík viðhorf og gildi, sem móta menninguna í þeim löndum sem tungumálið er notað, við eigið samfélag og menningu.

### **Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar**

Gott talnalæsi er mikilvægt hverjum manni til að takast á við daglegt líf og störf. Læsi á tölur felur í sér hæfni til að lesa úr, tjá sig um og nýta sér til gagns tölulegar upplýsingar. Læsi á upplýsingar tekur m.a. til upplýsingatækni þar sem mikilvægt er að allir geti aflað gagna, flokkað, unnið úr, notað og miðlað upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt. Læsi á fjölmiðla gerir nemendum kleift að greina upplýsingar ólíkra miðla svo þeir geti sjálfir lagt gagnrýnið mat á þær.

Lykilhæfni felur m.a. í sér að nemandi:

- getur nýtt sér margvíslega tækni í þekkingarleit,
- getur tjáð sig um og hagnýtt tölur og upplýsingar í menntun sinni og menningu,
- getur aflað gagna, flokkað og nýtt sér upplýsingar á gagnrýninn hátt,
- getur notað upplýsingtækni í þekkingarleit og miðlun þekkingar á gagnrýninn og skapandi hátt,
- getur miðlað upplýsingum á skapandi hátt,
- er læs á upplýsingar frá ólíkum miðlum.

### **Skipulagnáms**

Hársnyrtinámið er í heild sinni 152 einingar. Almennar greinar eru 64 einingar, ásamt 88 einingum í hársnyrtigreinum sem kenndar eru í Háarakademíunni. Starfsþjálfun er tekin bæði í Háarakademíunni 8 vikur (opnir dagar) og á hársnyrtistofu í 52 vikur samtals 60 vikur sem jafngildir 60 einingum.

Námið við skólann er skilgreint sem 12 mánaða heilstætt nám. Kennt verður að jafnaði í þremur 15 vikna lotum sem gera 45 vikur. Kennt verður alla virka daga frá 8:30-16:30.

Nám í hársnyrtið er skipulagt með þeim hætti að nemendur taka bæði bóklegt og verklegt nám á hverri önn.

### Skipting anna

Námið er skilgreint sem 12 mánaða heilstætt nám, 88 F einingar, auk almenna undanfara 64 F einingar. Kennt verður að jafnaði þremur 15 vikna lotum eða önnum. Kennt verður alla virka daga frá 08:30-16:30.

1.önn - Haustönn	2.önn - Vorönn	3.önn - Sumarönn
Samtals 15.vikur	Samtals 15 vikur	Samtals 15 vikur

Ein framhaldsskólaeining samsvarar 18 til 24 klukkustunda vinnu meðal nemanda, það samsvarar þriggja daga vinnu nemendans ef gert er ráð fyrir sex til átta klukkustunda vinnu að meðaltali á dag eftir eðli viðfangsefna og afkastagetu nemenda.

Áfangar Háarakademiunnar eru kenndir frá 8:30 til 16:30 fimm daga vikunnar.

### Vikustundaskrá

	MÁN	ÞRI	MIÐ	FIM	FÖS
<b>8:15-12:00</b>	Verklegt	Verklegt	Verklegt/Bókleg	Verklegt	Verklegt/ Opinn dagur
<b>12:40-16:30</b>	Verkleg/Bókleg	Verklegt	Verklegt/Bókleg	Verklegt	Verklegt/Opinn dagur

Nám í Háarakademiunni er sett upp með þeim hætti að bæði bóklegt og verklegt nám er kennt á hverri önn.

### Starfsþjálfun

Eftir nám í Háarakademiunni hefur nemandinn lokið 2 mánuðum af samnings tíma sínum (opnum dögum). Starfsþjálfun á stofum tekur 12.mánuði eða 52 vikur og er



hugsað til að auka færni nemenda til að takast á við raunveruleg verkefni í fyrirtækjum, þjálfva verkætækni og fagleg vinnubrögð. Hárgreiðslustofur gera samning um þjálfun nemenda á vinnustað, skuldbinda sig til fylgja þeim markmiðum sem tilgreind eru í þeim námsþáttum og verklegri þjálfun nemandans sem iðngreinin gerir kröfu um. Þau fyrirtæki sem samþykkt eru af nemaleyfisnefnd geta ein tekið við nemum í starfþjálfun. Ath nemandi sem hefur lokið námi frá Háarakademíunni er tilbúin til að taka á móti öllum þeim verkefnum sem bæði meistari á stofu og viðskiptavinur óskar eftir.

## **Kennsluhættir**

Háarakademían mun veita nám á framhaldsskólastigi sem til þarf að skara framúr í hársnyrtiiðn og ganga í gegnum sveinspróf.

Mikilvægt að leita leiða til að þjálfva verklega færni nemenda og auka jafnframt skilning þeirra á mikilvægi faglegra vinnubragða í samræmi við markmið námskrár. Í námi og kennslu þarf að setja skýr markmið varðandi vinnubrögð og aðferðir. Lögð er áhersla á að þjálfva færni til þess að takast á við þau viðfangsefni þar sem fyrirmæli, verklýsing og vinnuáðferðir liggja fyrir. Leit að lausnum krefst bæði hugkvæmni og rökvisi sem mikilvægt er að þjálfva með nemendum. Einnig er lögð áhersla á að rækta með nemendum jákvætt viðhorf til gæða í þjónustu.

Nám og kennsla í hársnyrtiiðn miðast við að veita framúrskarandi, faglega undirstöðumenntun í greininni, auka færni nemenda við meðferð hársnyrtivara, umgegni, framkomu við viðskiptavini framtíðarinar, beitingu áhalda og tækja. Munu kennarar/leiðbeinendur Háarakademíunar þjálfva sjálfstæð vinnubrögð nemenda, auka hæfileika og getu þeirra til samvinnu við aðra.

Þá er stefnt að því að nemendur auki færni sína til þess að standast kröfur iðngreina um nákvæmni, áreiðanleika og fagleg vinnubrögð. Fagfólk í hársnyrtiiðn vinna í mikilli nálægð við viðskiptavini sína og því mikilvægt að þjálfva samskiptafærni nemenda og getu þeirra til þess að öðlast skilning á þörfum viðskiptavina sinna. Vinnustaðanáam er skipulagt á þann hátt að um er að ræða sjálfstæða þjálfun úti í fyrirtækjum. Skipulag þess tekur mið af lokamarkmiðum námsins. Markmið vinnustaðanáamsins er m.a. að þjálfva nemandann til þess að takast á við sífellt flóknari viðfangsefni þar sem saman fara vinnuhraði, fagleg vinnubrögð, nákvæmni, færni, vörusölutækni og kröfur um að fyllstu öryggisþáttum sé fullnægt.

Hárgreiðslustofur og viðskiptavinir krefjast um aukin gæði og þjónustu, því er mikilvægt að fagfólk í greininni hugsi sér reglulega til símenntunar. Með fjölbreyttum kennsluáðferðum er nemendum gefið færi á að verða framúrskarandi í iðngreininni og nýta sinn eigin styrk og hæfileika.

Háarakademían virðir ólíkar þarfir nemenda sinna og hefur það að leiðarljósi að námið mæti sem best þörfum hvers og eins.

## Námsmat

Námsmat hefur mikið notagildi og er m.a. ætlað að kanna að hve miklu leyti nemandi hefur tileinkað sér markmið sem sett eru í viðkomandi áföngum. Æskilegt er að meta nám nemenda með fjölbreytilegum hætti. Umfang þess skal þó að jafnaði vera í samræmi við kennslu í viðkomandi áfanga. Á þennan hátt getur kennari fylgst með framförum nemenda og gert sér grein fyrir áhrifum og þróun kennslunnar. Sú vitneskja sem námsmatið veitir hjálpar hverjum kennara til að setja náminu ný markmið og gefur oft tilefni til breytinga á kennsluaðferðum, námsefni og niðurröðun þess á skólaárið. Þá getur námsmat í hársnyrtiðni verið mikilvægt tæki til að hafa áhrif á nemendur svo að þeir nái betri námsárangri. Námsmatið gefur nemendum möguleika á því að fylgjast með eigin árangri í námi. Slíkt leiðir í flestum tilvikum til aukins áhuga og betri árangurs. Í kennslunni eru margir möguleikar á því að kanna og meta námsárangur og afkastagetu nemenda.

Dæmi um möguleika á útfærslu námsmats eru verkefni af ýmsu tagi sem nemendur leysa í kennslustundum eða í heimavinnu. Einnig má nefna skrifleg eða verkleg próf sem lögð eru fyrir nemendur.

Námsmat byggist m.a. á

- verkefnum sem nemandi vinnur í kennslustundum
- frammistöðu í kennslustundum og árangri í skyndiprófum
- skriflegu lokaprófi í bóklegum þætti sem reynir á þekkingu á efnisatriðum og rök fyrir tengslum ólíkra efnisþátta
- verklegum prófum sem tekin eru yfir annirnar með símati

Í kennsluáætlun hvers áfanga kemur fram hvernig námsmat kennara er háttað. Hverri námsönn lýkur með prófum. Til að ljúka hverjum áfanga þarf nemandi að ná lágmarkseinkuninni 7 nái nemandi ekki lágmarks einkunn hefur hann ekki staðist áfangann og verður að þreyta upptökupróf til að eiga rétt á að taka næsta áfanga á eftir. Upptökupróf eru á sama tíma og sjúkrapróf.

Einkunnir eru gefnar í heilum tölum frá 1 til 10.

Einkunnin 10 vísar til þess að 95 -100% markmiða hafi verið náð.

9	85–94%	6	55-64%	3	25-34%
8	75–84%	5	45-54%	2	15-24%
7	65–74%	4	35-44%	1	0-14%

Kennurum er óheimilt að gefa nemendum upp einkunnir fyrr en á afhendingardegi einkunna.

## Sjúkrapróf

Nemendur eiga rétt á að taka sjúkrapróf komist þeir ekki í umrætt próf sökum veikinda eða óviðráðanlegra aðstæðna.

Eftirfarandi reglur gilda um sjúkrapróf:

1. Tilkynna þarf veikindi á skrifstofu skólans að morgni prófdags.
2. Framvísa þarf læknisvottorði til staðfestingar á veikindum til að öðlast rétt á sjúkraprófi.
3. Skólastjóri/prófstjóri getur heimilað nemenda að taka sjúkrapróf ef hann metur að um óviðráðanlegar aðstæður valdi því að nemandi getur ekki þreytt upphaflegt próf.

Upptöku- og sjúkrapróf eru haldin eftir hverja önn, áður en næsta önn hefst.

## Námsferill–varðveislaganga

Skólinn varðveitir allar próf úrlausnir lokaprófa og lokaverkefni í tvö ár. Einungis erum að ræða skriflegt próf og verkefni og verða þau varðveitt í læstu rími innan skólans. Hægt er að sækja afrit af námsferli á skrifstofu skólans.

Innan þess tíma hefur próftaki rétt á að fá að sjá úrlausnir og fá af þeim afrit. Eftir þessi tvö ár mun vera send beiðni til þjóðskjalasafn Íslands um heimild til.

## Skólareglur

Með góðri ástundun og sjálfsaga er hægt að ná langt. Nemendur eru hvattir til stundvísi, vinnusemi og beita öguðum og faglegum vinnubrögðum.

1. Nemendum er skylt að mæta stundvíslega í allar kennslustundir.
2. Mætingarskylda er 90%
3. Mæti nemandi 15 mín of seint í kennslustund á hann ekki rétt á að sitja kennslustundina án samráðs við kennara.
4. Vinnufiður í kennslustundum er réttur nemenda og kennara.
5. Mæti nemandi ítrekað of seint í kennslustundir fær hann áminningu frá skólameistara.
6. Missi nemandi vísvitandi af kennslustund er það á ábyrgð nemandans að verða sér úti um viðeigandi kennslugögn. Gildir þessi regla bæði í bóklegum kennslustundum sem og verklegum kennslustundum.
7. Mæti nemandi ekki í kennslustundir án útskýringa, má sá hinn sami eiga von á viðtali frá skólastjóra sem gæti leitt til brottrekstrar.
8. Veikindi og önnur forföll skal tilkynna samdægurs.
9. Veikindi í prófum verður að tilkynna að morgni prófdags og ber að skila inn vottorði innan þriggja daga. Að öðrum kosti missir nemandi rétt til sjúkraprófs.
10. Gagnkvæm virðing, kurteisi og heiðarleiki skal ríkja milli kennara og nemenda.

11. Nemendur og kennarar skulu sýna umburðarlyndi og tillitsemi í daglegum samskiptum.
12. Miðannarmat fer fram á hverri önn. Uppfylli nemandi ekki skyldur sínar í námi ber kennurum og/eða skólastjóra að upplýsa viðkomandi um stöðuna og leitað leið til að koma viðkomandi á rétta braut.
13. Verði nemandi uppvís að ítrekuðum brotum á skólareglum eða brjóti viðkomandi reglur skólans á vítaverðan hátt má sá hinn sami eiga von á tiltali frá skólastjóra sem gætu leitt til brottrekstrar.
14. Þjófnaður á munum skólans, nemenda eða starfólks skólans er undantekningarlaust kærður til lögreglu sbr. 2.mgr.1 gr. Stjórnsýslulaga
  
15. Skólaráð skal fjalla um öll alvarleg brot á skólareglum.
16. Leitast er eftir að leysa ágreiningsmál innan skólans.
17. Nemendum ber að ganga vel og af virðingu um húnæði og eigur skólans.
18. Nemendum ber að mæta í hreinir og snyrtilegir til fara í allar kennslustundir skólans.
19. Nemendum ber að gæta fyllsta persónulegs hreinlætis og mæta til að mynda ávallt með hreint hár í verklegar kennslustundir.
20. Karlkyns nemendum ber einnig að hafa skegg sitt hreint og vel snyrt.
21. Starfsfólk og nemendur skulu að bera virðingu fyrir faginu og mega undir engum kringumstæðum vera uppvís að því að tala illa um fagið eða aðra fagaðila.
22. Nemendum og starfsfólki ber að leggja bílum sínum löglega við húsnaði skólans
23. Nemendum og starfsfólki ber að ganga vel um lóð skólans.
24. Reykingar og notkun annarra vímuefna er með öllu óheimil í skólanum og á skólalóð.
25. Notkun farsíma, og annarra fjarskiptatækja er með öllu óheimil í kennslustundum, nema um annað sé samið fyrirfram hverju sinni við kennara.
26. Neysla matvæla og drykkja í skólastofum er með öllu óheimil nema samið hafi verið um slíkt við kennara.

### **Reglur um skólasókn**

Nemendur eiga að mæta stundvíslega í allar kennslustundir og í próf nema um óviðráðanlegar aðstæður sé um að ræða.

Skólasóknareinkunn ræðst af skólasókn samkvæmt töflunni hér fyrir neðan.

97% upp í 100% gefur einkunnina 10

